

Forsendur fjárhagsáætlunar Sorpu bs

Samkvæmt eigendastefnu Sorpu bs skal eigendafundur ákvarða forsendur fjárhagsáætlunarvinnu byggðasamlagsins.

Lagt er til að eigendafundur samþykki eftirfarandi forsendur vegna fjárhagsáætlunarvinnu Sorpu bs:

1. Ytri forsendur:

Forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH byggja á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 29. apríl sl., en þó er stuðst við aðrar forsendur um þróun vinnumagns, verðlag, gengisvísitölu og launavísitölu í ljósi nýlegrar þróunar kjaraviðræðna aðila á vinnumarkaði.

Hvítir reitir eru forsendur Hagstofu; gráir reitir eru forsendur Rvk.

Forsendur áætlunar						
Breyting milli ársmeðaltala (%)	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Einkaneysla	3,8	3,3	3,0	2,9	2,6	2,6
Fjármunamyndun	18,1	16,3	4,7	0,6	5,3	5,3
Verg landsframleiðsla	3,8	3,2	2,8	2,7	2,5	2,5
Vinnumagn í Reykjavík	1,6	0,9	0,7	0,7	0,7	0,7
Vísitala neysluverðs	2,4	4,9	4,6	3,4	2,8	2,6
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-0,1	3,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	7,6	7,8	6,0	5,2	4,6	4,3
Íbúðaverð á höfuðb.sv.	7,6	7,8	6,0	5,2	4,6	4,3

Í meðfylgjandi töflu má einnig sjá forsendur um þróun vísitölu neysluverðs, gengisvísitölu og launavísitölu innan ársins 2015 og 2016, þ.e. milli ársloka 2014 og 2015 og ársloka 2015 og 2016.

Forsendur áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2015	2016
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,9	5,2
Gengisvísitala innan ársins	0,0	3,0
Launavísitala innan ársins	8,5	7,5

Gert er ráð fyrir að Sorpa bs. geri sviðsmyndir um mögulega þróun fjárhagsáætlunar skv. forsendum samstæðuáætlunar Reykjavíkurborgar til að varpa ljósi á þær áhættur sem kunna að leiða af breyttum ytri skilyrðum.

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlunir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

4. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir fjárfestingaráætlun Sorpu bs. vegna uppbyggingar gasgerðarstöðvar og að verkefnið verði fjármagnað a.m.k. til helminga með veltufé frá rekstri (þ.e. með gjaldskrártekjum), allt að 25% með lántökum, að hluta með styrkjum frá ríki vegna þess að þessar aðgerðir byggja á EES-fyrirmælum umhverfissvænna og að hluta með sérstökum framlögum eigenda. Þannig gera fjárfestingaráformin og

17. ágúst 2015

hraðinn í þessi uppbyggingu kröfur um afkomu. Áætlun um lántökur skal að hámarki miðast við skuldareglu skv. 64 grein sveitarstjórnarlag.